

Beethoven- hringurinn II

.....
FÖSTUDAGUR 09.12.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....

Sinfóníurnar taka hvor um sig riflega 30 mínútur í flutningi.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 fimmtudagskvöldið 15. desember.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. DESEMBER 2011 KL. 19.30

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 4 í B-dúr, op. 60 (1806)

Adagio – Allegro vivace

Adagio

Allegro vivace

Allegro ma non troppo

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 5 í c-moll, op. 67 (1807– 08)

Allegro con brio

Andante con moto

Allegro

Allegro

Hannu Lintu
hljómsveitarstjóri



Hannu Lintu nam selló- og píanóleik við Sibeliusar-akademíuna í Finnlandi og lærði hljómsveitarstjórn hjá Eri Klas og Jorma Panula. Hann bar sigur úr býtum í Norrænu stjórnandakeppninni í Bergen árið 1994 og hefur síðan stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda og víðar, m.a. Fílharmóníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni, Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi og Kammersveitinni í Lausanne. Hann hefur auk þess stjórnað víða í Bandaríkjunum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles, og sinfóníuhljómsveitunum í Baltimore, Pittsburgh, St. Louis og Washington D.C. Þá hefur hann stjórnað m.a. í Malasíu, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Lintu gegnir starfi aðalstjórnanda við Fílharmóníuhljómsveitina í Tampere í Finnlandi og mun taka við stjórn Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki haustið 2013.

Lintu hefur stjórnað fjölmörgum óperuuppfærslum, m.a. *Carmen* eftir Bizet og *Töfraflautu* Mozarts við Finnsku þjóðaróperuna, og tónleikaflutningi á *Gianni Schicchi* eftir Puccini í Chicago. Hann hefur hljóðritað fyrir Ondine og Naxos, meðal annars tónlist eftir Einojuhani Rautavaara og Kaiju Saariaho. Lintu stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands síðast í júní 2009 og vakti þá þvílíka hrifningu hljómsveitarmeðlima að honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar í Hörpu.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 4



Ludwig van Beethoven (1770–1827) var einn þeirra listamanna sem breytti gangi tónlistarsögunnar. Þetta gerði hann meðal annars með níu sinfóníum sem eru löngu komnar í flokk með helstu meistaraverkum vestrænnar menningar. Því er vel við hæfi að Sinfóníuhljómsveit Íslands flytji þær allar á fyrsta starfsári sínu í Hörpu. Þegar tónskáld tóku að nota heitið „sinfónía“ á fyrri hluta 18. aldar var það yfirleitt haft um léttvæga óperuforleiki í þremur þáttum (hratt-hægt-hratt), en þegar var komið fram á miðja öld var sinfónía orðin sjálfstætt hljómsveitarverk í þremur eða fjórum köflum. Haydn og Mozart lögðu fram merkan skerf til sinfóníusmiða, og sama má segja um marga aðra smærri meistarar sem nú eru allt að því gleymdir. Vínarborg var ekki miðpunktur sinfóníusköpunar í Evrópu þegar Beethoven hóf feril sinn – þar var engin sinfóníuhljómsveit með fasta tónleikaröð eins og í París eða Lundúnum – en formið hentaði tónhugsun hans með eindæmum vel. Þegar Beethoven lést var sinfónían orðin eitt stærsta og mikilvægasta form tónlistarinnar; mælikvarði á frumleika og tæknilega kunnáttu hvers tónskálds. Í höndum Beethovens varð sinfónían form mikilla átaka; í tónlist sinni speglaði hann bæði sitt eigið sálarástand og heiminn allan í mikilfengleika sínum og fjölbreytileika, fegurð og illsku, gleði og ljótleika.

„Hún er grannvaxin grísk gyðja sem stendur milli tveggja norrænna risa,“ sagði Robert Schumann eitt sinn um fjórðu sinfóníu Beethovens. Með þessu átti hann við að sú fjórða væri bæði styttri og ekki eins átakanlega dramatísk og þær sem komu á undan og eftir: Hetjuhlómkviðan (nr. 3) og Örlagasinfónían (nr. 5). Samtímamenn Beethovens gátu líka greint þennan mun og voru hæstánægðir með að tónskáldið hefði tekið skref „afturábak,“ enda höfðu furðulegheitin í *Eroicu* nærri riðið þeim að fullu. Gagnrýnandi *Allgemeine Musikalische Zeitung* sagði árið 1812 um þá fjórðu að hún væri „full af þeim frumleika og orku sem einkenndu fyrri verk tónskáldsins, áður en þau tóku að bjagast með ýmiss konar skringilegheitum [*Bizarren*] eins og heyra má í *Eroicu* og *Pastoral*-sinfóníunni.“ Líklega er umræddur gagnrýnandi einn fárra sem hefur séð ástæðu til að

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur níttán sinnum áður flutt fjórðu símfóníu Beethovens, fyrst undir stjórn Olavs Kielland í Þjóðleikhúsinu 1952 og aftur ári síðar. Síðan hafa m.a. stjórnað símfóníunni þeir Igor Buketoff (1965), Jean-Pierre Jacquillat (1982 og 1985), Jerzy Maksymiuk (1995), Rico Saccani (1999), Krzysztof Penderecki (2006) og Lionel Bringuier (2009).

fetta fingur út í hugljúfa sveitasímfóníuna hvað þetta varðar. Fjórða símfónían er að mörgu leyti „klassískt“ verk, hún er þokkafull og stígur létt til jarðar. Hljómsveitin er smærri en í *Eroicu*: ein flauta, tvö hvers hinna tréblásturshljóðfæranna, tvö horn, trompetar, pákur og strengir. Líkt og í símfóníum nr. 6 og 8 eru engar „lærðar“ brellur á borð við fúguskrif; þær er eingöngu að finna í oddatölu-símfóníunum nr. 3, 5, 7 og 9.

En þá er ekki öll sagan sögð. Fjórða símfónían er sérlega frumleg á sinn hógværa en fjörmikla hátt, og ef vel er að gáð er hér að finna nýjungar sem skjóta einnig upp kollinum í síðari verkum meistarans. Skissubók Beethovens að þeirri fjórðu hefur ekki varðveist, og því vitum við harla lítið um tilurð hennar. Svo virðist sem Beethoven hafi aðallega unnið að verkinu sumarið 1806, skömmu eftir að hann lauk við fjórða píanókonsertinn og fyrsta Razumovsky-strengjakvartettinn. Hann var þegar byrjaður að leggja fyrstu drög að fimmtu símfóníunni þegar hér var komið sögu, en lagði þau til hliðar fyrir áður nefnd verk. Sú fjórða var frumflutt á einkatónleikum í Lobkowitz-höllinni í Vínarborg í mars 1807, ásamt fjórða píanókonsertinum og *Coriolan*-forleiknum, sem einnig heyrðust í fyrsta sinn við sama tækifæri.

Eins og fyrstu tvær símfóníur Beethovens hefst sú fjórða á hægum inngangi, og er hann í meira lagi athyglisverður, dökkur og dulúðlegur. Kraftmikið aðalstefið einkennist af stuttum tifandi nótum sem setja svip á kaflann í heild. Andstæðurnar eru sterkar og krassandi – úr *pianissimo* í *fortissimo* á örskotsstundu – og jafnvel í ljóðrænum hendingum seinna aðalstefsins er bráðsnjöll kímni gáfa tónskáldsins í forgrunni. Um miðbik þáttarins taka tifandi upphafsnoturnar á sig margskonar svip. Beethoven flakkar milli tóntegunda á ævintýrlegan hátt; nýtt ljóðrænt stef myndar skemmtilega andstæðu við stuttu nóturnar sem fylgja því úr hlaði, og smám saman hægir á tónlistinni þar náð hefur verið kyrrstöðu á einum hljómi, sem gefur vísbendingu um að brátt fáum við aftur að heyra upphafsstefið enn á ný. En Beethoven fer aldrei auðveldustu leið að markinu: hljómurinn sem strengir og pákur lenda á er einum

tóni hærra en við búumst við. Eins og góðum töframanni sæmir hættir Beethoven sjónhverfingunum á hárréttu augnabliki og fer með okkur aftur á heimaslóð.

Hægi kaflinn er ljóðrænt Adagio, sem raunar er síðasti verulega „hægi“ þátturinn í sinfóníum Beethovens allt fram að þeirri níundu. Aðalstefið hljómar í fiðlum og er hrifandi þótt það sé ofureinfalt: Es-dúr tónstigi niður á við og svo aftur upp. Beethoven leggur mikla áherslu á söngræna eiginleika stefsins, enda hefur verið bent á að hann hafi líklega aldrei notað ítalska orðið „cantabile“ (syngjandi) jafnoft í einum kafla eins og hér. Tónlistin er á stöðugri hreyfingu allt þar til undir lokin, þegar upphafsstefið hljómar í síðasta sinn leikið af flautu og klarínettu. Nú er allt aukapjál víðs fjarri, hendingin lifir ein og óstudd og blómstrar sem aldrei fyrr. Þá taka við litlir einleiksbútar fyrir hin og þessi hljóðfæri, og jafnvel pákurnar fá aftur að láta ljós sitt skína.

Priðji þátturinn er scherzó, og líkt og Beethoven gerði í sjöundu sinfóníunni og víðar fer hann tvisvar í gegnum hið hefðbundna form – scherzó-trío-scherzó – svo úr verður kaflinn í fimm hlutum: scherzó-trío-scherzó-trío-scherzó. Hér sprettir Beethoven heldur betur úr spori, og tónlistin á það til að vera algjörlega ófyrirsjáanleg bæði hvað varðar tóntegund og hrynn. Kaflinn er í þrískiptum takti en af og til vinna rytmarinnir gegn taktstrikinu, svo að grunlausum hlustanda finnst tónlistin vera í 2/4 um stundarsakir.

Lokakaflinn er spriklandi rondó sem sýnir enn og aftur í hvílíkri þakkarskuld Beethoven stóð við Haydn, jafnvel þótt hann hafi líklega lært meira af sjálfum verkum fyrrum kennara síns – í þessu tilfelli sinfóníu nr. 102 – heldur en í tónsmíðatímunum sem slíkum. Hér hljóma hvað ofan í öðru iðandi sextándupartar, þokkafullar hendingar og grófir ómstríðir hljómar, og Beethoven sveiflar sér upp og niður tónstiga og milli tóntegunda eins og ekkert sé. Óvæntar brellurnar eru of margar til að hægt sé að telja upp hér, svo að eitt dæmi verður látið nægja. Undir lokin hægir Beethoven á upphafsstefinu í fiðlum og fagottum, svo það hljómar eins og hann sé um það bil að gefast upp á miðri leið – eða sé hreinlega búinn að gleyma framhaldinu – áður en hann steypir sér tvíefldur í lokatakana.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 5



„Þannig knýja örlögin dyra,“ á Beethoven að hafa sagt um upphaf fimmtu sinfóníu sinnar. Örlagasinfónían svokallaða hefur síðan orðið þekkt um allan heim og langt út fyrir landamæri klassískrar tónlistar, ekki síst tríólurytmi upphafstaktanna – ta-ta-ta-TA – sem hvert mannsbarn þekkir og skynjar sem óm óvæntra örlaga, dómsdag í tónum. En fyrir Beethoven og samtímamönnum hans var fimmta sinfónían allt annað en ofspilaður stríðsjálfur. Hún var þvert á móti nýstárleg og jafnvel ögrandi tilraun sem heppnaðist með þvílíkum ágætum að hún hafði áhrif á allt það sem tónskáldið samdi í kjölfarið. Beethoven býður okkur með sér í ferðalag í tónum; hann stendur frammi fyrir vandamálum sem þarfnastrá úrlausnar. Tónlistin hefst í kvíðafullum og ógnvænlegum c-moll, en þægilegri tilvera er rétt handan við hornið, í björtum og heiðskírurum dúr. Það er stundum kallað „per aspera ad astra“, ferðalagið sem Beethoven býður okkur í: „gegnum kargabýfið til stjarnanna“. Sú saga sem Beethoven segir hér í fyrsta sinn hefur síðan verið sögð á margvíslegan hátt í mörgum helstu sinfóníum 19. og 20. aldar; sinfónía nr. 1 eftir Brahms og sinfóníur nr. 2 og 5 eftir Mahler eru meðal þeirra kunnustu.

Elstu drög að fimmtu sinfóníunni eru frá því árið 1804, þegar Beethoven hafði nýlengi við þriðju sinfóníu sína. Honum sóttist verkið hægt og lagði það frá sér hvað eftir annað til að fást við önnur verkefni, til dæmis fjórða píanókonsertinn, fjórðu sinfóníuna og fiðlukonsertinn. Megnið af verkinu samdi hann 1807 og það var frumflutt á sögufrægum tónleikum í Theater an der Wien 22. desember 1808. Þetta var hálfgerð músíkmaráðun: auk þeirrar fimmtu var sjötta sinfónían einnig flutt í fyrsta sinn, sem og fjórði píanókonsertinn, kórfantasían op. 80 og þrjú þættir úr C-dúr messunni op. 86. Verkinu var ekki sérlega vel tekið í fyrstu. Hljómsveitaræfingar höfðu verið með minnsta móti svo flutningnum sjálfum var sennilega nokkuð ábótavant, og auk þess voru þrjú klukkutímur af nýrri og kröfuharðri tónlist nokkuð stór skammtur jafnvel fyrir dygga aðdáendur meistarans. Til að kóróna allt bilaði hitakerfið í leikhúsinu, svo að sennilega hefur það verið nístandi kuldinn sem sat eftir í minningu tónleikagesta fremur en sú guðdómlega tónlist sem þarna hljómaði í fyrsta sinn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fílharmóníuhljómsveit Hamborgar lék fimmtu símfóníu Beethovens í fyrsta sinn á Íslandi, undir stjórn Jóns Leifs í Dómkirkjunni í Reykjavík í júní 1926. Símfóníuhljómsveit Íslands lék hana á fyrsta starfsári sínu, í Þjóðleikhúsinu 1950 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Meðal þeirra fjölmörgu sem hafa stjórnað henni hér síðan eru Olav Kielland (1964), Karsten Andersen (1975) og Petri Sakari (2008).

Spennuþrungnir upphafstaktarnir gefa tóninn fyrir verkið allt. Í kjölfarið hljómar annað stef sem er blíðara og bjartara – það heyrst fyrst í fiðlum og síðan í tréblásurum – en þó heyrst örlagaþrunginn trólurytminn einnig hér; hann leynist í sífellu bak við tjöldin og heldur spennunni gangandi frá fyrsta takti til hins síðasta. Annar þáttur símfóníunnar er röð af tilbrigðum um tvö stef. Hið fyrra líður ljúflega áfram í lágfiðlum og sellóum, en hið seinna er fagnandi sigurmars með trompetum og pákum. Það sem vekur kannski fyrst og fremst athygli hins árvökula hlustanda er hversu brösuglega seinna stefinu gengur að ná fótfestu. Þótt það lofi vissulega góðu kemst stefið aldrei lengra en fjóra takta áður en óvissan nær yfirhöndinni og tónlistin leysist upp á augabragði.

Þriðji þáttur í símfóníum klassíska tímans var yfirleitt menúett, yfirvegaður og tignarlegur hirðdans, en Beethoven breytti útaf vananum og samdi hraðari kafla sem hann nefndi scherzo. Orðið þýðir „brandari“ á ítölsku, en í fimmtu símfóníunni er engum hlátur í hug. Upphafsstefið er órólegt og kvíðafullt: ofurveik spurning í sellóum sem fær ekki nema óöruggt svar frá fiðlum. Enda er örlagastefið úr fyrsta þætti ekki lengi að láta á sér kræla, fyrst í hornum og síðan í hljómsveitinni allri: þrjár stuttar og ein löng. Miðhlutinn er fúgató, þar sem raddirnar koma inn með sama stefjaefni hver á eftir annarri, gamansamur og ákveðinn í senn. Að honum loknum hefst scherzóið á nýjan leik, og dramatískt *crescendo* þeytir okkur beint inn í fjórða og síðasta kaflann. Hér er loks komin sigurtónlistin sem við heyrðum ekki nema daufan ávæning af í öðrum kafla. Nú er bjartsýnin allsráðandi, og þótt dimmur og drungalegur c-moll láti á sér kræla í örskotsstund um miðbik þáttarins tekst honum aldrei að ná undirtökunum. Símfóníunni lýkur á björtum og fagnandi C-dúr hljómi sem er endurtekinn aftur og aftur (og aftur!). Beethoven er kominn til stjarnanna eins og hann ætlaði sér – og við með honum.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

9. desember 2011

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Guðný Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Rut Ingólfssdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei

2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Hlíf Sigurjónsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
María Weiss
Dóra Björgvinsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

KLARINETT

Rúnar Óskarsson
Sigurður I. Snorrason

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

PÁKUR

Eggert Pálsson

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

